

**Nd. 708. Frumvarp til laga [387. mál]**

um breytingu á lögum nr. 18/1984, um þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra er heimilt að semja við augndeild sjúkrahúss að annast að einhverju eða öllu leyti lækniþjónustu á vegum stöðvarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Lög nr. 18/1984 tóku gildi hinn 1. janúar 1985. Vonir stóðu til að unnt yrði að hefja þjónustustörf Sjónstöðvar Íslands haustið 1985 í leiguhúsnæði á efstu hæð í húsi Blindrafélagsins að Hamrahlíð 17. Undirbúningi hefur seinkað m.a. vegna knapparar fjárveitingar til stofnkostnaðar. Er nú gert ráð fyrir, að starf í hinu nýinnréttada húsnæði geti hafist á þessu vori.

Sjónstöðin hefur þó nú þegar, eða allt frá s.l. vori, haft fólk í starfi og veitt sjónskertum margvíslega aðstoð í húsnæði Blindrafélagsins.

Augnsmiður hefur starfað þar í fullu starfi svo og sjónþjálfari og sérfræðingur í þjálfun blindra og sjónskertra í umferli og athöfnum hins daglega lífs. Jafnframt hefur verið brugðið á það ráð að fá augnlækni til að hafa faglega verkstjórn á því starfi, sem þarna hefur verið unnið. Var Guðmundur Viggósson augnlæknir ráðinn af stjórn stöðvarinnar til eins árs frá 1. júní 1985 að telja.

Slík ráðning fellur ekki að öllu innan þess ramma sem lög 18/1984 marka. Hefur Læknafélag Íslands af þeim sökum lýst yfir því í bréfi til stjórnar stöðvarinnar dags. 13. janúar 1986 að varhugavert sé að tengja eina yfirlæknisstöðu annarri eins og gert er í 2. mgr. 2. greinar laganna. Leggur félagið til að þessu lagaákvæði verði breytt.

Eftir sem áður væri lagaheimild fyrir því að stöðin fengi sérfræðiþjónustu með samningi við augndeild sjúkrahúss. Slíkt samstarf gæti tryggt stöðinni fullnægjandi lækniþjónustu á hagkvæman og ódýran hátt, þar eð aðeins yrði um að ræða greiðslur fyrir unnin læknisverk hverju sinni.

Stjórn Sjónstöðvar Íslands hefur af sinni hálfu óskað eftir því, að heilbrigðisráðherra beitti sér fyrir lagabreytingu í þessa veru.